

7#
RD
PG

Kjósarveitur ehf.
Ársreikningur 2024

Kjósarveitur ehf.
Ásgarði
276 Kjós

Kt. 590115-1340

7H
7D
PZ

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

PG

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemi félagsins felst í byggingu og rekstri hitaveitu í Kjósarhreppi, frá borholum í landi Möðruvalla í Kjós svo og annarra borhola sem félagið gæti átt nýtingarleyfi á.

Rekstrartekjur félagsins námu 131,6 millj. kr. á árinu 2024 og hækkuðu um 32,9 millj. kr. milli ára eða um 33%. Hagnaður félagsins á árinu 2024 nam 0,2 millj. kr. (2023: Tap 24,5 millj. kr.)

Eigið fé félagsins í árslok nam 53,2 millj. kr. (2023: 53,0 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 168,0 millj. kr. Óheimilt er að úthluta arði til hluthafa á árinu 2025, en vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 0,8 (2023: 0,8).

Hlutafé er að fullu í eigu Kjósarhrepps í árslok líkt og í ársbyrjun.

Stjórn og framkvæmdastjóri Kjósarveitna ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Kjósarhreppi, 29. apríl 2025

Stjórn:

Guðmundur Daníelsson
Jóhanna Hreinsdóttir
Pétur

Framkvæmdastjóri:

Axel L. Hannússon

29. 4. 2025

0409 71 - 3949

JH
A PG
CO

Áritun óháðs endurskoðanda

Til veitustjórnar og eiganda Kjósarveitna ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Kjósarveitna („hitaveitan“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu hitaveitunnar 31. desember 2024 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð hitaveitunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð veitustjórnar og veitustjóra á ársreikningnum

Veitustjórn og veitustjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber veitustjórn og veitustjóra að leggja mat á rekstrarhæfi hitaveitunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa hitaveituna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Veitustjórn og veitustjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits hitaveitunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

JH
PG
AD

Aritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun veitustjórnar og veitustjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi hitaveitunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert hitaveituna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum veitustjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu veitustjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Selfossi, 29. apríl 2025.

KPMG ehf.

Fríðrik Einarsson

5H
 K. L.
 P6

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Tengigjöld		31.977.277	16.947.651
Selt vatn		97.988.096	79.477.194
Aðrar tekjur		1.619.939	2.231.882
		<u>131.585.312</u>	<u>98.656.727</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna tenginga		31.977.277	7.252.310
Laun og launatengd gjöld	9	20.924.618	23.498.095
Annar rekstrarkostnaður		32.953.321	34.824.702
Afskriftir	10	14.320.138	14.054.038
		<u>100.175.354</u>	<u>79.629.145</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		31.409.958	19.027.582
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Væxtatekjur		5.944.512	1.290.731
Vaxtagjöld		(37.127.673)	(44.799.278)
		<u>(31.183.161)</u>	<u>(43.508.547)</u>
Hagnaður (tap) ársins	13	<u><u>226.797</u></u>	<u><u>(24.480.965)</u></u>

2H
 60
 8X
 86

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	477.520.323	480.425.978
Fastafjármunir		477.520.323	480.425.978
Viðskiptakröfur		10.348.664	7.563.697
Aðrar skammtímakröfur		2.350.662	541.691
Handbært fé		128.989.649	24.346.765
Veltufjármunir		141.688.975	32.452.153
Eignir samtals		619.209.298	512.878.131
Eigið fé			
Hlutfé	12	168.000.000	168.000.000
Ójafnað eigið fé		(114.779.751)	(115.006.548)
Eigið fé	13	53.220.249	52.993.452
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir	14	414.881.327	371.539.217
Skuldir við tengda aðila	8	83.344.716	0
Langtímaskuldir		498.226.043	371.539.217
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	43.598.771	37.832.149
Næst ársr afborganir langtímaskulda tengdir aðilar	8	4.630.262	0
Viðskiptaskuldir		8.141.935	4.473.354
Skuldir við tengda aðila	16	6.953.045	41.842.039
Aðrar skammtímaskuldir		4.438.993	4.197.920
Skammtímaskuldir		67.763.006	88.345.462
Skuldir samtals		565.989.049	459.884.679
Eigið fé og skuldir samtals		619.209.298	512.878.131

Handwritten initials and signature in the top right corner.

Sjóðstreymisýfirlit árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins	13	226.797	(24.480.965)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	10	14.320.137	14.054.038
Áfallnar verðbætur og gengismunur langtímalána		21.198.707	31.807.972
Veltufé frá rekstri		35.745.641	21.381.045
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(	4.593.938)	22.772.384
Skammtímaskuldir, hækkun		3.909.655	1.589.459
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	(	684.283)	24.361.843
Handbært fé frá rekstri		35.061.358	45.742.888
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	10	(11.414.483)	(6.812.496)
Fjárfestingarhreyfingar		(11.414.483)	(6.812.496)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		70.000.000	0
Afborganir langtímaskulda	(	40.489.148)	(35.935.000)
Skuldir við tengda aðila, breyting	(	34.888.994)	15.641.951
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki, breyting		86.374.151	0
Fjármögnunarhreyfingar		80.996.009	(20.293.049)
Hækkun á handbæru fé		104.642.884	18.637.343
Handbært fé í ársbyrjun		24.346.765	5.709.422
Handbært fé í árslok		128.989.649	24.346.765

Handwritten initials and signature in the top right corner.

Skýringar

1. Félagið

Kjósarveitur ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Ásgarði í Kjós í Mosfellsbæ. Starfsemi félagsins felst í byggingu og rekstri hitaveitu í Kjósarhreppi, frá borholum í landi Möðruvalla í Kjós svo og annarra borhola sem félagið gæti átt nýtingarleyfi á.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Innlausn tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörssdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Bifreiðar	25 ár
Vélar, áhöld og tæki	25 - 40 ár

5. Skatteign

Skatteign félagsins er reiknuð en ekki færð í ársreikninginn vegna óvissu um nýtingu hennar í framtíðinni. Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

7. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

8. Langtímalán frá tengdum aðilum

Langtímalán frá tengdum aðilum er verðtryggt lán sem ber 3,54% vexti. Lánið er til 20 ára og greiðist árlega með jöfnun afborgunum.

7H
17-10-2024

Skýringar

9. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2024	2023
Laun	15.854.606	16.748.538
Mótframlag í lífeyrissjóð	2.163.607	2.067.996
Önnur launatengd gjöld	368.405	2.185.561
Ökutækjastyrkur	2.538.000	2.496.000
Laun og launatengd gjöld samtals	20.924.618	23.498.095
Ársverk	0,8	0,8

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Lóð	Borhola, lagnir og tengivirki	Samtals
Heildarverð 1.1.2023.....	35.000.000	514.432.265	549.432.265
Viðbót á árinu	0	6.812.494	6.812.494
Heildarverð 31.12.2023.....	35.000.000	521.244.759	556.244.759
Viðbót á árinu	0	11.414.483	11.414.483
Heildarverð 31.12.2024.....	35.000.000	532.659.242	567.659.242
Afskrifað samtals 1.1.2023.....	0	61.764.743	61.764.743
Afskriftir ársins	0	14.054.038	14.054.038
Afskrifað samtals 31.12.2023.....	0	75.818.781	75.818.781
Afskriftir ársins	0	14.320.137	14.320.137
Afskrifað samtals 31.12.2024.....	0	90.138.918	90.138.918
Bókfært verð 31.12.2023.....	35.000.000	445.425.978	480.425.978
Bókfært verð 31.12.2024.....	35.000.000	442.520.323	477.520.323
Afskriftahlutföll	0%	3%-4%	

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti greinist þannig:

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Vátryggingar- verðmæti
Fasteignir	26.255.000	87.990.000	0
Vélar, áhöld og tæki	0	0	6.176.207
Samtals	26.255.000	87.990.000	6.176.207

11. Skatteign

Skatteign skiptist þannig í árslok:

	2024	2023
Varanlegir rekstrarfjármunir	(111.208.980)	(100.956.671)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	154.298.522	144.139.348
Niðurfærsla skatteignar	(43.089.542)	(43.182.677)
Skatteign í árslok	0	0

Handwritten initials: JH, AD, PL

Skýringar

12. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 168,0 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu

13. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023.....	168.000.000	(90.525.583)	77.474.417
Tap ársins	0	(24.480.965)	(24.480.965)
Eigið fé 31.12.2023.....	168.000.000	(115.006.548)	52.993.452
Hagnaður ársins	0	226.797	226.797
Eigið fé 31.12.2024.....	168.000.000	(114.779.751)	53.220.249

14. Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir greinast þannig:

	2024	2023
Verðtryggðar skuldir í ISK	458.480.098	409.371.366
Skuldir við lánastofnanir samtals	458.480.098	409.371.366
Næsta árs afborganir langtímalána	(43.598.771)	(37.832.149)
Skuldir við lánastofnanir samkvæmt efnahagsreikningi	414.881.327	371.539.217

Til tryggingar skuldum hefur eigandi Kjósarveitna ehf., Kjósarhreppur, veitt einfalda ábyrgð á verðtryggðar skuldir félagsins og veðsett framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og útsvarstekjur.

Afborganir skulda við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

Afborganir árið 2025/2024	43.598.771	37.832.149
Afborganir árið 2026/2025	44.397.587	38.452.258
Afborganir árið 2027/2026	45.219.120	39.088.594
Afborganir árið 2028/2027	46.064.034	39.741.584
Afborganir árið 2029/2028	46.933.022	40.411.661
Síðar	232.267.564	213.845.120
Afborganir langtímalána samtals	458.480.098	409.371.366

15. Yfirfæranlegt skattalegt tap

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2024 nam 410,4 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því að það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2024 er nýtanlegt sem hér segir:

	2024	2023
Skattalegt tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025	5.089.272	5.089.272
Skattalegt tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	20.482.081	20.482.081
Skattalegt tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	65.760.567	65.760.567
Skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	63.158.789	63.158.789
Skattalegt tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029	49.504.235	49.504.235
Skattalegt tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030	48.312.960	48.312.960
Skattalegt tap ársins 2021, nýtanlegt til ársloka 2031	33.519.287	33.519.287
Skattalegt tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032	46.955.208	46.955.208
Skattalegt tap ársins 2023, nýtanlegt til ársloka 2033	50.566.930	50.566.930
Skattalegt tap ársins 2024, nýtanlegt til ársloka 2034	27.019.081	-
Ójafnað skattalegt tap samtals	410.368.410	383.349.329